

Sjálfsmatsskýrsla

2022 - 2023

Menntaskóli Borgarfjarðar



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	3
2	LÝSING Á STARFSEMI SKÓLANS	4
2.1	STEFNA MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR 2018-2023	4
2.1.1	<i>Staða og styrkur.....</i>	4
2.2	HLUTVERK OG MEGINÁHERSLUR	4
2.3	FRAMTÍÐARSÝN	5
2.4	MARKMIÐ MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR ERU AÐ:.....	6
2.5	SÉRSTAÐA	7
2.6	UMFANG SKÓLANS SKÓLAÁRIÐ 2022 - 2023	8
2.6.1	<i>Nemendur.....</i>	8
2.6.2	<i>Starfsfólk.....</i>	8
3	SJÁLFSMAT Í MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR	8
3.1	GREINING Á TÖLULEGUM GÖGNUM	8
3.1.1	<i>Kennarar.....</i>	8
3.1.2	<i>Nemendur.....</i>	9
3.2	KANNANIR	12
3.2.1	<i>Líðan nemenda.....</i>	12
3.2.2	<i>Viðhorfskönnun útskriftanema</i>	12
3.2.3	<i>Starfsmannakönnun</i>	13
3.2.4	<i>Gæðagreinar - (How good is our school?)</i>	17
3.2.5	<i>Gæðagreinar á skólaárinu 2022-2023</i>	18
3.2.6	<i>Útskrifaðir nemendur.....</i>	27
3.2.7	<i>Matsfundir.....</i>	41
3.2.8	<i>Áætlun um sjálfsmat MB 2023-2027.....</i>	43
3.3	SKÝRSLUR.....	44
3.3.1	<i>Námsráðgjöf.....</i>	44
4	SAMANTEKT OG NÆSTU SKREF	44
5	LOKAORÐ.....	44
6	FYLGISKJÖL.....	45

1 Inngangur

Hverjum framhaldsskóla landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.:

Markmið mats og eftirlits með gæðum í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nema séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 41. gr. framhaldsskólalaga segir um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Tilgangurinn með sjálfsmati er því fyrst og fremst að bæta og efla skólastarfið, meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert og finna leiðir til þess að bæta það sem betur má fara.

Í þessari skýrslu um sjálfsmat í MB er greint frá markmiðum og stefnu skólans ásamt vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2022 - 2023. Gæðakerfinu er ætlað að tryggja að unnið að stöðugum umbótum á starfsemi skólans, að fram komi áreiðanlegar upplýsingar þar að lútandi og að unnið sé samkvæmt vinnureglum sem skólinn setur sér. Eftirfarandi þættir einkenna sjálfsmat skólans á tímabilinu: Gæðagreinar, kennslumat í áföngum, matsfundur með nemendum, viðhorfakannanir og starfsmannakönnun.

Þetta skólaár sátu í sjálfsmatshópnum: Lilja S. Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari, Ásthildur Magnúsdóttir kennari og Veronika G. Sigurvinsdóttir skólafulltrúi.

2 Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Stefna Menntaskóla Borgarfjarðar 2018-2023

2.1.1 Staða og styrkur

Menntaskóli Borgarfjarðar er áfangaskóli sem býður upp á fjórar bóknámsbrautir til stúdentsprófs, opna braut, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og íþróttافرæðibraut. Innan náttúrufræðibrautar geta nemendur valið að taka búfræðisvið. Nám til stúdentsprófs er skipulagt sem þriggja ára nám. Nemendur geta einnig valið framhaldsskólabraut þar sem áhersla er á undirbúning undir nám á stúdentsprófsbraut, annað nám eða eftir atvikum þátttöku í atvinnulífi. Við skólann er starfrækt starfsbraut fyrir nemendur sem hafa greiningu fagaðila og geta ekki nýtt sér annað nám við skólann. Nám á starfsbraut tekur fjögur ár.

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi við nærsamfélagið. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi og er aðili að Fjarmentaskólanun. Skólinn er einnig samstarfi við KVAN. Í desember 2020 var gerður samningur við ráðgjafafyrirtækið KVAN um menntunar- og þjálfunarverkefnið „Lífsleikni KVAN“. Skólinn er/var í samstarfi við skóla í Evrópu (Erasmus+) um styrki til þróunarstarfs og gagnkvæmra námsferða.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur frá upphafi haft framsækni að leiðarljósi og farið ótroðnar slóðir í kennsluháttum og námsmati. Við skólann eru engin lokapróf, þess í stað er áhersla lögð á verkefnavinnu og smærri próf. Námsmat skólans er í formi leiðsagnarmats. Skólinn er lítill og einkennist af persónulegum samskiptum. Aðstaða til náms og félagsstarfs er mjög góð í skólanum.

2.2 Hlutverk og megináherslur

Menntaskóli Borgarfjarðar starfar samkvæmt aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla og öðrum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur að leiðarljósi grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Í skólanum er leitast við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjóndeildarhring þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi.

Einkunnarorð MB eru; *Sjálfstæði - Færni - Framfarir* og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum kjörorðum.

Sjálfstæði: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

Færni: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfaðir í þekkingarleit. Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.

Framfarir: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans. Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.

2.3 Framtíðarsýn

Nám og og gæði kennslu

- Framtíðarsýn Menntaskóla Borgarfjarðar er að vera leiðandi skóli í þróunarstarfi sem leggur áherslu á framsækni og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati.
- Skólinn vill búa nemendum fjölbreytt námsumhverfi með áherslu á verkefnamiðað nám.

- Þá er það stefna skólans að styrkja enn frekar góð tengsl við nærsamfélagið og auka tækifæri nemenda í gegnum alþjóðlegt samstarf.
- MB leggur áherslu á að styrkja og efla námsframboð til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á upptökusvæði skólans.

Nemendur

- Skólinn vill stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi og að fyrirkomulag náms stuðli að góðri ástundun.
- Áhersla er á að skólabragur sé jákvæður og lýðræðislegur. Að samvinna einkenni lausn viðfangsefna. Að persónuleg samskipti, skapandi hugsun, jafnrétti, góð líðan og virðing fyrir einstaklingnum einkenni skólabraginn.
- Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið og að andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda sé höfð að leiðarljósi.

Stjórnun

- Allur rekstur skólans, aðbúnaður, þjónusta og velferð nemenda og starfsmanna sé til fyrirmyndar.

2.4 Markmið Menntaskóla Borgarfjarðar eru að:

Nám og gæði kennslu

- skólinn leggi metnað sinn í að hafa ávallt vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk sem gerir kröfur til sín og nemenda
- efla starfsþróun kennara
- veita kennurum svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi
- fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála
- nemendur fái ávallt gæða stoðþjónustu við sitt hæfi
- skapa gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, virðingu, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð
- að námið veiti bæði fræðilega og hagnýta þekkingu
- auka tengsl við nærsamfélagið með áherslu á samvinnu og samstarf við skóla og fyrirtæki í héraðinu

Nemendur

- nemendur hafi aðgang að öflugri stoðþjónustu

- styðja við námshvöt nemenda, rækta námsgleði og vinnuanda
- efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda
- raddir nemenda séu virkur þáttur í starfi skólans
- styðja betur við félagslíf nemenda
- sérhver nemandi hafi tækifæri til að rækta sína hæfileika og ná góðum árangri

Stjórnun

- fjármál og rekstur skólans einkennist af gagnsæi og jafnvægi
- aukin áhersla verði lögð á að kynna námsframboð skólans
- nota innra mat með markvissum hætti til umbóta í skólastarfi

2.5 Sérstaða

Á stefnudegi skólans var unnið sérstaklega með sérstöðu skólans og eftirfarandi er uppfærð lýsing á því sem nemendur, kennarar og starfsfólk skólans vill að standi sem sérstaða skólans.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu með eftirfarandi hætti:

- að leggja áherslu á jákvæðan lífsstíl og andlegt heilbrigði með persónulegri þjónustu við nemendur
- að skipulag náms sé fjölbreytt, persónulegt og sveigjanlegt
- að bjóða uppá námsbrautina Náttúrufræðibraut – búfræðisvið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri
- að vera í nánu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir
- að vera í fararbroddi hvað varðar námsmat og endurgjöf til nemenda
- að nemendur vinni lokaverkefni út frá áhugasviði og geti skilað vinnu sinni með fjölbreyttum hætti

2.6 Umfang skólans skólaárið 2022 - 2023

2.6.1 Nemendur

Haustið 2022 voru 168 nemendur skráðir í nám við skólann og þar af voru 41 nýnemi. Af heildarfjölda nemenda voru 67 skráðir í fjarnám. Stúlkur voru 54% nemenda og strákar 46%.

Á vorönn 2023 fækkaði skráðum nemendum í 157 þar af voru 68 nemendur skráðir í fjarnám. Stúlkur voru 55% nemenda og strákar 45%.

2.6.2 Starfsfólk

Heildarfjöldi starfsmanna við skólann voru 26 á vorönn 2023.

Þar af starfa ellefu eingöngu við kennslu og einn starfsmaður sinnti kennslu sem hluta af öðrum störfum. Þrír kennarar voru ráðnir í stundakennslu á vorönn.


Tveir stjórnendur eru við skólann, einn fjármálastjóri, einn umsjónarmaður starfsbrautar (sem kennir líka), námsráðgjafi, skólafulltrúi, húsvörður (í hlutastarfi), matráður og ræstitæknir.

3 Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar

3.1 Greining á tölulegum gögnum

3.1.1 Kennarar

Menntun kennara við Menntaskóla Borgarfjarðar er nokkuð góð. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi. Stefna skólans er að vera með vel menntaða kennara í vinnu. Að þessari stefnu hefur verið unnið með því annars vegar að auglýsa eftir og ráða vel menntaða kennara til starfa og hins vegar með því að hvetja og styrkja starfandi kennara skólans til framhalds- og endurmenntunar.




Mynd 1. Menntun kennara 2019 - 2023

Á mynd 1 má sjá að lítil breyting hefur verið á menntunarstigi kennara undanfarin ár. Kennarar hafa verið duglegir að sækja styttri námskeið á vegum eða í samvinnu við fagfélög.

Kynjaskipting meðal kennara MB hefur verið ójöfn þar sem færri karlmenn en konur hafa kennt við skólann þau ár sem hann hefur starfað. Á vorönn 2023 eru kynjahlutföllin í kennslu; konur 71% og karlar 29%.

3.1.2 Nemendur

Þeir nemendur sem innritast í MB eru í flestum tilfellum með lögheimili í Borgarbyggð eða um 65% nemenda. Hér fyrir neðan má sjá tölur um fjölda nemenda á hverri braut fyrir sig eftir öðrum.



Mynd 2. Fjöldi nemenda eftir brautum.

Á mynd 2 má sjá að nemendafjöldi á hverri námsbraut skólans er svipaður á milli anna en undanfarin ár hefur nemendum á opinni braut fjölgað en þar eru flestir fjarnemarnir skráðir í nám.

3.1.2.1 Fjöldi brautskráðra eftir námsbrautum

Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Þó er alltaf gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi eða velji að vera lengur en þrjú ár að ljúka stúdentsprófi. Útskrifarhlutfall eftir þriggja ára nám var vorið 2020 68%, vorið 2021 38%, vorið 2022 40% og vorið 2023 41%.

Námsbraut	Vor 2023
Félagsfræðibraut	7
Náttúrufræðibraut	3
Náttúrufræðibraut - búvísindasvið	2
Íþróttافرæðibraut - félagsfræðasvið	4
Íþróttافرæðibraut - náttúrufræðisvið	3
Opin braut	16
Starfsbraut	2
Viðbótarnám til stúdentsprófs	3
Alls	40

3.1.2.2 Viðveruskráning nemenda skólaárið 2022 - 2023

	<i>Haut 2022</i>	<i>Vor 2023</i>
Mæting	90%	91%
Veikindi	8,5%	9,6%
Of seint	0,4%	0,5%
Leyfi	4%	4,4%
Óútskýrð fjarvera	10%	9%

Í skólanum er lögð áhersla á að skrá mætingu í allar kennslustundir, bæði hjá stað- og fjarnemum. Skráning fjarnema er ekki inn í þessum tölum. Mæting í skólann er almennt góð. Skýring á veikindum eru almennar umgangspæstir, skýring á fjarveru nemenda er bæði vinna og utanlandsferðir.


3.1.2.3 Brotthvarf

Markmið skólans er að sem flestir nemendur sem innritast í skólann brautskráist frá honum á tilsettum tíma. Ef nemandi hættir þá er reynt að komast að því hvaða skýringar liggja að baki. Ástæður brotthvarfs eru skráðar. Brotthvarf úr námi er 1,7% á haustönn 2022 og 2% á vorönn 2023.

Haut 2022 – fjöldi	Skýring	Vor 2023 – fjöldi	Skýring
	Veikindi		Veikindi
	Áhugaleysi		Áhugaleysi
	Fór í vinnu		Fór í vinnu
3	Persónulegar ástæður	3	Persónulegar ástæður

3.2 Kannanir

3.2.1 Líðan nemenda



Mynd 3. Líðan nemenda í skólanum

Helsta breyting frá síðustu könnunum er að fleiri nemendum líður mjög eða frekar vel í skólanum. Áhugavert er að sjá að almennt líður nemendum betur á vorönnum sl. þrjú skólaár.

3.2.2 Viðhorfskönnun útskriftanema

Á undanförunum vorönnum hefur verið lögð viðhorfskönnun fyrir útskriftarnemendur skólans, síðast lögð fyrir vorið 2022. Á vorönn 2020 var gerð örlítil breyting á könnuninni. Þrjár spurningar sem áttu við kennslukerfið, heimasíðu og mótuneyti voru teknar út. Í stað þeirra komu tvær nýjar spurningar um viðhorf nemenda til skólans. Ætlunin er að breyta könnuninni ennfrekar og því var hún ekki lögð fyrir nú á vordögum.

3.2.3 Starfsmannakönnun


Hagvangur hannaði spurningalista og en Prósent sá um fyrirlögn könnunarinnar og úrvinnslu á niðurstöðum. Í greiningu Prósent er lögð áhersla á einfaldleika, skýra framsetningu niðurstaðna og tillagna. Hagvangur notast við viðurkennt kannanakerfi sem tryggir nafnleynd í úrvinnslu niðurstaðna. Niðurstöður eru settar fram með skýrum og einföldum hætti.



Framkvæmd:




Heildstæð vinnustaðagreining var lögð fyrir alla starfsmenn um líðan á vinnustaðnum. Spurningarnar fjölluðu einkum um starfsánægju, starfsskilyrði, samstarf, ímynd, stjórnun og streitu. Niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar á rafrænu mælaborði. Ráðgjafar Prósent fóru yfir helstu niðurstöður og kynntu tillögur að úrbótum á sérstökum fundi með skólameistara.




Þátttaka og helstu niðurstöður:



Það er skemmst frá því að segja að 100% þátttaka var árin 2020 og 2021 en þátttaka var 94,4% árið 2022 og 86% árið 2023. Helstu niðurstöður voru þær að almennt eru starfsmenn mjög ánægðir með vinnustaðinn, samskipti, samstarf, stjórnun og skólameistara. Þeir þættir (starfspróun og starfsskilyrði) sem komu lakast út verða skoðaðir betur. Í ágúst verður haldinn starfsmannafundur þar sem farið verður yfir allar niðurstöður.











3.2.4 Gæðagreinar - (How good is our school?)

Vinna við endurskipulagningu gæðakerfis skólans hófst í haustið 2010 með því að teknir voru upp svokallaðir *Gæðagreinar* (e. *How good is our school?*).

Gæðagreinar eru hjálpartæki skóla til að svara spurningunum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Gæðagreinar eru ennfremur notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar

- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Gæðagreinalíkanið byggir á því að skólastarfinu sé skipt upp í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti. Markmiðið er að setja upp gæðaramma þar sem fram koma þeir þættir skólastarfsins sem skoðaðir eru hverju sinni. Skipta má gæðarammanum í þrjá meginhluta sem síðan skiptast í undirþætti. Meginhlutarnir eru: Velgengni og árangur skólans – Lífið og starfið í skólanum – Sýn skólans og forysta. Auk þessara þátta eru gerðar viðhorfस्कannanir meðal nemenda og starfsfólks, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Á vormánuðum 2023 var sett fram ný áætlun um sjálfsmat MB. Sjálfsmatsáætlunin er til ársins 2027 og þar kemur fram hvaða þættir skólastarfsins verða metnir hverju sinni.

3.2.5 Gæðagreinar á skólaárinu 2022-2023

Matsfundir með þátttöku starfsfólks voru fimm á skólaárinu. Á haustfundinum skoðaði og mat starfsfólk fullyrðingar sem tengdust lykilþáttum 7 (Starfsmannastjórnun og) og 9 (Viðburðir í skólastarfi) og gáfu þeim einkunnir. Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður og kynnti þær á starfsmannafundi. Í framhaldi af þeim fundi var gerð þróunaráætlun eða umbótaáætlun. Í þeirri áætlun koma fram hugmyndir að endurbótum.

Á vorönn var einn matsfundur með þáttöku kennara og fyrirkomulagið var svipað þ.e. skoðaður lykilþáttur 9 (Viðburðir í skólastarfi) Niðurstöður matsins voru kynntar á kennarafundi, ásamt tillögum að þróunaráætlun.

Lykilþáttur 7: Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk – H22

Mönnun og ráðningar

Gæðagreinir 7.1

Vegin heildareinkunn 4,6

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Virðing, traust og umhyggja
- ✓ Áhersla á að velja hæft fólk
- ✓ Það skýrt hvers er ætlast af kennurum og því er fylgt eftir

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Móttaka nýliða
- ✓ Náum ekki fagkennurum í öllum fögum
- ✓ Móttökuáætlun nýrra starfsmanna – samt tekið vel á móti fólki

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Áfram veginn
- ✓ Bæta handleiðslu nýliða

Starfsandi og verkaskipting

Gæðagreinir 7.2

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Lífsnámið frábært og vel heppnað, speglar samvinnu og góðan starfsanda
- ✓ Gott skipulag og góður starfsandi
- ✓ Góður andi og starfsandi góður

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Engar

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Áfram veginn

Starfsþróun og starfsmannaviðtöl

Gæðagreinir 7.3

Vegin heildareinkunn 4

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Skólinn styður endurmenntun, námskeið og leysir það vel
- ✓ Allt í þessum greini
- ✓ Jákvætt viðhorf til endurmenntunar

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Endurmenntun byggir ekki á þarfagreiningu
- ✓ Engar

- ✓ Erfitt að svara þar sem fá starfsmannaviðtöl hafa verið hjá hópnum. Engu að síður er hurð stjórnenda alltaf opin og hætt að fá spjall með litlum fyrirvara

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Að skipuleggja sí- og endurmenntun út frá þarfagreiningu út frá stefnu skólans
- ✓ Allt í toppmálum
- ✓ Regluleg starfsmanna- og launaviðtöl

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2022 - 2023

Gæðagreinir nr.
 7.1 – Mönnun og
 ráðningar

Markmið: Að skólinn taki vel á móti nýju starfsfólki	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Bæta og efla móttöku nýrra starfsmanna	Skólastjórnendur	Þegar nýr starfsmaður kemur starfa	Virkja móttökuáætlunina	Viðtal við starfsmann

Menntaskóli Borgarfjarðar

Gæðagreinir 7.2 - engin aðgerðaráætlun (sjá niðurstöður hér að framan)

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2022 - 2023

Gæðagreinir nr.
 7.3 – Starfsþróun og
 starfsmannaviðtöl

Markmið: Að bjóða upp á regluleg starfsmanna- og launaviðtöl Að skólinn stuðli að reglulegri endurmenntun og starfsþróun starfsmanna	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirlýsing:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Bjóða upp á regluleg starfsmanna- og launaviðtöl ✓ Skipuleggja sí- og endurmenntun út frá stefnu skólans og þarfagreiningu	Skólameistari Stjórnendur	Einu sinni á skólaári Hausti 2023	Starfsmannaviðtöl Stað og stund	Sjá skólanámskrá

Lykilpáttur 9: Viðburðir í skólastarfi – haust 2022

Lífsnámsvika – geðheil

Gæðagreinir 9.1

Vegin heildareinkunn 5,0

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Lýðræðislegt val, aldursskipting og vikan gekk almennt vel
- ✓ Góð teymisvinna kennara og fagleg vinnubrögð
- ✓ Markmið verkefna skýr
- ✓ Algjörlega frábær vika, skýr markmið og framúrskarandi verkefni

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Engar
- ✓ Muna að horfa til áfangalýsingar við mótun verkefna
- ✓ Skipuleggja tækjabúnað og sýningarsvæði fyrir

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Skipuleggja sýningarsvæði fyrir
- ✓ Hafa tækjabúnað fyrir til
- ✓ Hafa námsmat á moodle eða rafrænt
- ✓ Skoða áfangalýsingar vel
- ✓ Passa upp á gæði fræðsluerinda

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2022 - 2023

Gæðagreinir nr.
9.1 – Viðburðir í skólastafi
 – lífsnám/geðheil

Markmið: Að auka gæði lífsnámsvikna skólans	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Skipuleggja sýningarsvæði og tækjabúnað fyrir ✓ Hafa námsmat rafrænt ✓ Skoða áfangalýsingu vel ✓ Passa upp á gæði fyrirlestra	Skólastjórnendur og kennarar	Vorönn 2023	Samráð og samtal á kennarafundi	Viðhorfskannanir á meðal nemenda og kennara ásamt gæðagreini 9

Vegin heildareinkunn 4,6

Sterku hliðarnar okkar:

- Nemendur velja verkefni og fá tækifæri til að vinna saman á ólíkum aldri
- Nemendur á ólíkum aldri fá að vinna saman, sýnilegur afrakstur vinnunnar, niðurröðun kennara, aðgengi að búnaði, skipulag og góðir fyrirlestrar
- Gott skipulag og góð blöndun
- Blöndun nemenda þvert á áfanga

Veiku hliðarnar okkar:

- Þurfum að gera meiri kröfur á dýpri skilning og úrvinnslu verkefna. Þarf að sitja meira eftir hjá nemendum. Þetta þarf að vera þannig að nemendur upplifi virði að taka þátt og að vikan skili sínu
- Viðfangsefnið var krefjandi í framsetningu
- Við náðum ekki að gera efnið nægjanlega áhugavert
- Námsmatið, huga betur að úrvali/fjölbreytni verkefna (verkefni of einsleit)

Tillögur um aðgerðir:

- Heyra í nemendum, leyfa þeim að hafa áhrif á þróun lífsnáms
- Huga betur að tæknimálum
- Muna eftir áfangalýsingum
- Fara vel yfir gæðagreininn fyrir næstu lífsnámsviku
- Fá fleiri hugmyndir að verkefnum – kannski að fá nemendur til að útfæra verkefni
- Huga að leiðum til að gera námsmatið sanngjarnara. Reyna að auka fjölbreytni verkefna

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2023 - 2024

Gæðagreinir nr.
 9.1 – Viðburðir í skólastafi
 – sjálfbærni

Markmið: Að auka gæði lífsnámsvikna skólans Að allir nemendur séu virkir verkefnavinnu Auka aðkomu nemenda að þróun lífsnámsins	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Halda lífsnáms fund með nemendum ✓ Efla hugmyndavinnu verkefna ✓ Gera námsmatið sanngjarnara ✓ Skoða áfangalýsingar lífsnáms	Skólastjórnendur og kennarar	Haustönn 2023	Samráð og samtal á kennarafundi	Viðhorfskannanir á meðal nemenda og kennara ásamt gæðagreini 9


3.2.6 Útskrifaðir nemendur

Menntaskóli Borgarfjarðar telur mikilvægt að vera í góðum tengslum við útskrifaða nemendur skólans. Skólinn fylgist með því hvað útskrifaðir nemendur taka sér fyrir hendur að loknu námi í MB ásamt því að spyrja um viðhorf þeirra til skólans. Upplýsingar úr könnuninni eru notaðar í stefnumótunarvinnu skólans og til að auka gæði náms og kennslu. Könnunin var lögð fyrir í maí 2023.

Helstu niðurstöður

Hér verður farið yfir niðurstöður könnunar og hvort að viðhorf útskrifaðra nemenda í Menntaskóla Borgarfjarðar gagnvart menntun og reynslu úr skólanum sé í samræmi við hugmyndafræði, markmið og sérstöðu skólans. Einnig hvernig viðhorf útskrifaðra nemenda úr Menntaskóla Borgarfjarðar sé samanborið við viðhorf nemenda úr öðrum framhaldsskólum hvað varðar hagnýtingu menntunar og reynslu í háskólanámi. Alls voru 96 af 97 fyrrum útskriftarnemum Menntaskóla Borgarfjarðar á árunum 2015-2018 sem tóku þátt í könnuninni. Svarhlutfall var 98,9% sem verður að teljast mjög gott.


1. Kyn
96 responses



Hér að ofan má sjá kynjahlutfall fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018. Alls voru 96 sem svöruðu. Það voru 60 kvenkyns þátttakendur (62,5%) á meðan karlkyns þátttakendur voru 36 (37,5%).

2. Aldur


96 responses



Hér að ofan má sjá aldursdreifingu fyrrum útskriftarnema sem tóku þátt en dreifingin var sú að flestir sem tóku þátt voru á aldrinum 25 – 34 ára eða 62 (64,6%), þátttakendur sem voru 18 – 24 ára voru 24 (25%), þátttakendur sem voru 35 - 44 ára voru 9 (9,4%) og þá var einn þátttakandi sem var 45 - 55 ára (1%).

3. Hvaða ár útskrifaðist þú úr Menntaskóla Borgarfjarðar?


96 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun við spurningunni hvaða ár þátttakendur útskrifuðust úr Menntaskóla Borgarfjarðar. Alls voru 96 sem svöruðu spurningunni. Þar voru flestir nemendur sem útskrifuðust árið 2018 eða 27 (28,1%), 26 fyrrum nemendur (27,1%) útskrifuðust árið 2016, 22 fyrrum nemendur (22,9%) útskrifuðust árið 2015 og 21 fyrrum nemendur (21,9%) sem útskrifuðust árið 2017.

4. Á hvaða braut útskrifaðist þú úr Menntaskóla Borgarfjarðar?


96 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema varðandi hvaða braut þeir útskrifuðust úr frá Menntaskóla Borgarfjarðar á árunum 2015-2018. Alls voru 96 sem svöruðu spurningunni. Þar má sjá að flestir útskrifuðust af félagsfræðibraut eða 40 fyrrum nemendur (41,7%), 24 fyrrum nemendur (25%) útskrifuðust af náttúrufræðibraut, 11 fyrrum nemendur (11,5%) útskrifuðust af ípróttufræðibraut – náttúrufræðisviði, 7 fyrrum nemendur (7,3%) útskrifuðust af ípróttufræðibraut – félagsfræðisviði, 6 fyrrum nemendur (6,3%) útskrifuðust með viðbótarnám til stúdentsprófs, 5 fyrrum nemendur (5,2%) útskrifuðust af opinni braut og 3 fyrrum nemendur (3,1%) útskrifuðust af náttúrufræðibraut – búfræðisviði.

5. Að hve miklu leyti fannstu hvatningu frá Menntaskóla Borgarfjarðar til að taka virkan þátt í námi þínu?

95 responses




Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema varðandi það að hve miklu leyti þeir fundu fyrir hvatningu frá Menntaskóla Borgarfjarðar til að taka virkan þátt í námi þeirra á árunum 2015-2018. Alls voru 95 sem svöruðu spurningunni. Þar voru 50

fyrirum nemendur (52,6%) sem fundu mjög mikla hvatningu frá skólanum, 39 fyrirum nemendur (41,1%) sem fundu mikla hvatningu og þá voru 6 fyrirum nemendur (6,3%) sem fundu litla hvatningu.

6. Hversu vel fannst þér Menntaskóli Borgarfjarðar undirbúa þig í að tileinka þér sjálfstæði í vinnubrögðum í vinnu/skóla?


96 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrirum útskriftarnema á árunum 2015-2018 varðandi það hversu vel þeim fannst Menntaskóli Borgarfjarðar undirbúa þá til að tileinka sér sjálfstæði í vinnubrögðum í vinnu/skóla á árunum 2015-2018. Alls voru 96 sem svöruðu spurningunni. Niðurstöður sýndu að 51 fyrirum nemendum (53,1%) fannst skólinn undirbúa þá mjög vel, 42 fyrirum nemendum (43,8%) fannst skólinn undirbúa þá vel og 3 fyrirum nemendum (3,1%) fannst skólinn undirbúa þá illa.

7. Hversu vel fannst þér Menntaskóli Borgarfjarðar undirbúa þig til að sýna frumkvæði, t.d. koma þér fljótt af stað í verkefnavinnu og/eða taka forystu í námi/vinnu


96 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018 varðandi það hversu vel þeim fannst Menntaskóli Borgarfjarðar undirbúa þá til að sýna frumkvæði t.d. koma sér fljótt af stað í verkefnavinnu og/eða taka forystu í námi/vinnu á árunum 2015-2018. Alls voru 96 sem svöruðu spurningunni. Það voru 57 fyrrum nemendur (59,4%) sem töldu skólann undirbúa sig vel þegar kom að frumkvæði, 31 fyrrum nemendur (32,3%) töldu skólann undirbúa sig mjög vel og þá voru 8 fyrrum nemendum (8,3%) sem töldu skólann undirbúa sig illa.

8. Hversu sátt/ur varstu með endurgjöf, námsmatsaðferðir og það einkunnakerfi sem var notað í Menntaskóla Borgarfjarðar?


95 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun varðandi hversu sáttir fyrrum útskriftarnemar voru með endurgjöf, námsmatsaðferðir og það einkunnakerfi sem var notað í Menntaskóla Borgarfjarðar á árunum 2015-2018. Alls voru 95 sem svöruðu spurningunni. Út frá þeirri svörun má sjá að 57 fyrrum nemendur (60%) voru mjög sáttir, 35 fyrrum nemendur (36,8%) voru sáttir, 2 fyrrum nemendur (2,1%) voru ósáttir og 1 fyrrum nemandi (1,1%) var mjög ósáttur.

9. Hversu sátt/ur varstu með að það voru engin lokapróf í Menntaskóla Borgarfjarðar?


96 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun varðandi hversu sáttir fyrrum útskriftarnemar voru með að það voru engin lokapróf í Menntaskóla Borgarfjarðar á árunum 2015-2018. Alls svöruðu 96 spurningunni. Þar sýndu niðurstöður að 72 fyrrum nemendur (75%) voru mjög sáttir, 17 fyrrum nemendur (17,7%) voru sáttir og að 7 fyrrum nemendur (7,3%) voru ósáttir.

10. Hversu vel telur þú að námið í Menntaskóla Borgarfjarðar hafi nýst í undirbúningi fyrir störf á vinnumarkaði?

93 responses




Hér fyrir ofan má sá svörun fyrrum útskriftarnema varðandi það hversu vel þeir töldu að námið í Menntaskóla Borgarfjarðar hafi nýst í undirbúningi fyrir störf á vinnumarkaði á árunum 2015-2018. Alls svöruðu 93 spurningunni. Þar kom fram að 62 fyrrum nemendur (66,7%) töldu það hafa nýst vel, 22 fyrrum nemendur (23,7%) töldu

það hafa nýst mjög vel, 8 fyrrum nemendur (8,6%) töldu það hafa nýst illa og 1 fyrrum nemandi (1,1%) taldi það hafa nýst mjög illa.

11. Hversu líkleg/ur ertu til að mæla með Menntaskóla Borgarfjarðar við aðra?


96 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun varðandi það hversu líkleg fyrrum útskriftarnemendur á árunum 2015 – 2018 væru til að mæta með Menntaskóla Borgarfjarðar við aðra. Alls svöruðu 96 spurningunni. Niðurstöður sýndu að 65 fyrrum nemendur (67,7%) væru mjög líklegir til að mæla með skólanum, 28 fyrrum nemendur (29,2%) voru líklegir til þess og aðeins 3 fyrrum nemendur (3,1%) voru ólíklegir til að gefa skólanum meðmæli.

12. Hver er núverandi staða?

96 responses




Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnemenda á árunum 2015-2018 þegar þau voru spurð út í núverandi stöðu en hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika. Alls svöruðu 96 spurningunni. Í ljós kom að langflestir eða 68 fyrrum nemendur (79,8%)

voru í fullu starfi, 31 fyrrum nemendur (32,3%) voru í háskólanámi, 5 fyrrum nemendur (5,2%) voru í fæðingarorlofi, 3 fyrrum nemendur (3,1%) voru í hlutastarfi og 3 fyrrum nemendur (3,1%) voru í hlutastarfi.

13. Fórstu í framhaldsnám? Ef já, í hvaða skóla fórstu?


80 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018 varðandi það hvort þau hafi farið í framhaldsnám og ef svo væri í hvaða skóla þau fóru. Ljóst var að ekki allir höfðu farið í áframhaldandi nám en 80 svöruðu spurningunni játandi. Niðurstöður sýndu að 37 fyrrum nemendur (46,6%) fóru í Háskóla Íslands og 11 fyrrum nemendur (13,8%) fóru í Háskólann á Akureyri. Það voru 10 fyrrum nemendur (12,5%) fóru í Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og 10 fyrrum nemendur (12,5%) fóru í háskóla erlendis. Þá voru 8 fyrrum nemendur (10%) fóru í annað nám, 5 fyrrum nemendur (6,3%) fóru í Háskólann í Reykjavík, 4 fyrrum nemendur (5%) fóru í Háskólann á Bifröst og 2 fyrrum nemendur (2,5%) fóru í Háskólann á Hólum.

14. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? Ef þú fórst í framhaldsnám (ef ekki framhaldsnám þá beint í lokaspurningu, nr. 19)


92 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018 varðandi það hvert væri hæsta stig menntunar sem þau höfðu lokið. Ef þau höfðu farið í framhaldsnám ættu þau að fara beint í lokaspurninguna nr. 19. Alls svöruðu 92 spurningunni. Niðurstöður sýndu að hæsta stig menntunar sem fyrrum nemendur höfðu lokið var að 40 fyrrum nemendur (43,5%) höfðu lokið BA/BS námi, 40 fyrrum nemendur (43,5%) höfðu lokið stúdentsprófi, 7 fyrrum nemendur (7,6%) höfðu lokið meistaránámi, 4 fyrrum nemendur (4,3%) höfðu lokið öðru námi og 1 fyrrum nemandi (1.1%) hafði lokið diplómanámi.

15. Hvert var fræðasvið menntunar í þínu námi?

77 responses




Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018 um hvert væri fræðasvið menntunar þeirra í námi. Alls svöruðu 77 spurningunni. Niðurstöðurnar

voru þær að algengast var að fyrrum nemendur færu í framhaldsnám á félagsvísindasviði, heilbrigðisvísindasviði og menntavísindasviði. Það voru 17 fyrrum nemendur (22,1%) sem fóru í framhaldsnám á félagsvísindasviði, 17 fyrrum nemendur (22,1%) sem fóru í framhaldsnám á heilbrigðisvísindasviði og 17 fyrrum nemendur (22,1%) sem fóru í framhaldsnám á menntavísindasviði. Þá voru 9 fyrrum nemendur (11,7%) fóru í framhaldsnám í verkfræði- og náttúruvísindasviði, 9 fyrrum nemendur (11,7%) fóru í framhaldsnám í búvísindum, 3 fyrrum nemendur (3,9%) sem fóru í framhaldsnám á hugvísindasviði, 2 fyrrum nemendur (2,6%) fóru í framhaldsnám í listnámi, fyrrum nemendur (2,6%) fóru í framhaldsnám í hestafræðideild og 1 fyrrum nemandi (1,3%) fór í framhaldsnám í náttúru- og umhverfisfræði.

16. Hversu vel fannst þér Menntaskóli Borgarfjarðar undirbúa þig fyrir frekari menntun eftir að þú útskrifaðist úr skólanum?


75 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018 varðandi það hversu vel þeim þótti Menntaskóli Borgarfjarðar undirbúa þau fyrir frekari menntun eftir að þau útskrifuðust úr skólanum. Alls svöruðu 75 spurningunni og gert ráð fyrir svörun frá þeim sem fóru í framhaldsnám. Þeir sem fóru ekki í framhaldsnám áttu ekki að svara spurningunni. Niðurstöður sýndu að 37 fyrrum nemendum (49,3%) fannst skólinn undirbúa þá mjög vel, 21 fyrrum nemanda (38,7%) fannst skólinn undirbúa þá vel, 8 fyrrum nemendum (10,7%) fannst skólinn undirbúa þá illa og 1 fyrrum nemanda (1,3%) fannst skólinn undirbúa sig mjög illa.

17. Hversu sammála ertu að áhersla á verkefnavinnu í Menntaskóla Borgarfjarðar hafi verið góður undirbúningur fyrir háskólanám.


77 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018 við spurningunni hversu sammála þeir væru því að áhersla á verkefnavinnu í Menntaskóla Borgarfjarðar hafi verið góður undirbúningur fyrir háskólanám. Alls svöruðu 77 spurningunni. Niðurstöður sýndu að 53 fyrrum nemendur (68,8%) voru mjög sammála, 21 fyrrum nemendur (27,3%) voru frekar sammála, 2 fyrrum nemendur (2,6%) voru frekar ósammála og 1 fyrrum nemandi (1,1%) var mjög ósammála.

18. Hversu sammála ertu því að lokaverkefni í Menntaskóla Borgarfjarðar hafi verið góður undirbúningur fyrir háskólanám?

74 responses



Hér fyrir ofan má sjá svörun fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018 varðandi hversu sammála þau væru því að lokaverkefni í Menntaskóla Borgarfjarðar hafi verið góður undirbúningur fyrir háskólanám. Alls svöruðu 74 spurningunni. Í ljós kom að 51 fyrrum nemendur voru mjög sammála, 19 fyrrum nemendur (25,7%) voru frekar sammála og 4 fyrrum nemendur (5,4%) voru frekar ósammála.

19. Að lokum, er eitthvað sem þér finnst að betur mætti fara í starfi Menntaskóla Borgarfjarðar og/eða að skólinn megi hafa í huga í framtíðarþróun sinni?

43 responses

Hér fyrir ofan má sjá nítjándu og síðustu spurningu spurningarlistakönnunarinnar. Um var að ræða opna spurningu þar fyrir fyrrum útskriftarnema á árunum 2015-2018. Þeir voru spurðir að því hvort það væri eitthvað sem að þeim þætti að hefði betur mátt fara í starfi Menntaskóla Borgarfjarðar og/eða sem að skólinn mætti hafa í huga í framtíðarþróun sinni. Alls voru 43 sem svöruðu spurningunni. Hér fyrir neðan má sjá þá svörun:

- „Lokaprófin - Vantaði aðeins þjálfun í „að læra“ að læra fyrir lokapróf.“
- „Skólinn ætti að halda áfram að fara þá leið að hafa fjölbreytni í námsframboði ásamt því að hafa fjölbreytni í verkefnaskilum. Auk þess ætti að halda áfram að þróa starf innan Kviku.“
- „Engin lokapróf er bæði jákvætt og neikvætt. Það var smá sjokk að vera ekki vanur því í menntaskóla að fara í lokapróf en þurfa samt að taka nokkur lokapróf í háskóla.“
- „Að rödd nemenda hafði meira vægi þegar álitamál koma upp.“
- „Ég var í fjarnámi og mér fannst mjög mismunandi eftir kennurum hvernig það var. Eflaust búið að bæta úr því eða það vona ég.“
- „Það snýr aðallega að því að það séu ekki lokapróf í skólanum. Að læra að undirbúa sig fyrir próf tekur tíma og án þess að fá þá reynslu í menntaskóla getur dregið úr því að maður sé nægilega vel undirbúin til að stunda nám í háskóla þar sem lokapróf eru viðmiðin. Það er ekki nauðsynlegt að gera hlutina nákvæmlega eins og í háskólunum, heldur gæti verið sterkt að prófa hafa nokkur lokapróf í öllum áföngum, segjum 30%, það væri strax gagnlegt til að undirbúa nemendur allavega smávegis í þjálfun í að læra fyrir lokapróf.“
- „Hefði verið gott að geta komist í forritun fyrr en það var ekki í boði á þeim tíma sem ég var í MB.“
- „Að jafnræði gagnvart nemendum sé alltaf höfð í fyrirrúmi.“

- „Það var mjög mikilvægt að fá eitt lokaverkefni til að undirbúa sig fyrir háskólanám, væri kannski sniðugt að skoða möguleikann að hafa eitt stórt lokapróf líka til að undirbúa sig fyrir háskóla sem eru margir hverjir enþá með lokapróf.“
- „Að sá möguleiki sé til staðar að hægt sé að skila verkefnum á ensku í öðrum áföngum en íslenskuáföngum.“
- „Ýta manni í að vera virkari í námi. Sumir háskólar eru með lokapróf og það væri gott ef MB myndi hafa í huga að hafa einhver stærri próf inn á milli áföngum.“
- „Passa að hafa öflugra félagsstarf og að hafa það auðsótt og auðsýnilegt.“
- „Mikilvægt að skólinn hjálpi nemendum að læra að skrifa ritgerðir. Hefði verið sniðugt að láta nemendur á búfræðisviði vinna lokaverkefni til að undirbúa þá fyrir nám í Landbúnaðarháskólanum.“
- „Að skólinn haldi áfram sérstöðu sinni og verði áfram skóli án lokaprófa. Maður hefur séð mjög hæfileikaríkt fólk koðna niður vegna prófkvíða og jafnvel hætta námi vegna lokaprófa.“
- „Passa gæði í námsframboði og kennslu í tungumálakennslu (4. mál). Þá vantaði að hjálpa nemendum að þróa færni í að undirbúa sig að læra fyrir lokapróf t.d. að nemendur „læri“ að læra fyrir lokapróf.“
- „Taka meira mark á nemendum þegar þeir setja út á kennsluhætti kennara og bregðast við á uppbyggilegan hátt.“
- „Hafa fleiri ráðstefnur og utanaðkomandi námskeið fyrir nemendur. Einnig að halda áfram að þróa Kviku og undirbúa nemendur fyrir störf í atvinnulífi.“
- „Að hugsa ávallt út fyrir rammann og þora að gera hlutina öðruvísi.“
- „Skoða vel hvernig tekið er á eineltismálum og fá óháðan einstakling til að vinna í slíkum málum. Veita geranda sömu aðstoð og polanda. Þá hefði verið gott að fá meira utanumhald og stuðning í lokaverkefninu.“
- „Passa að hafa jafningjamat í hópverkefni, vantaði meiri þjálfun í að læra fyrir lokapróf og hafa meiri eftirfylgni frá kennurum.“
- „Það er mikilvægt að nemendur hafi „sitt“ pláss eða félagsaðstöðu. Einnig þarf að passa að hafa sjálfstæði í félagslífi en samt að hafa ákveðinn ramma. Auk þess þarf skólinn að gera eins vel og hægt er til að vera samkeppnishæfur í að sækja til sín nemendur.“

- „Hefði mátt læra meira um heimildavinnu. Það þarf að passa að það sé samhljómur á milli kennara í námsmati og endurgjöfum. Skólinn ætti einnig að hafa stefnu varðandi ákveðna framkomu kennara við nemendur t.d. samskiptasáttmála.“
- „Það snýr aðallega að lokaprófum. Ekki erfitt fyrir mig persónulega en það er smá krefjandi að vera óvanur því að taka lokapróf.“
- „Grípa þá sem geta lært en eru latir. Efla læsi drengja.“
- „Hafa meiri stuðning eða utanumhald í kringum félagslíf nemenda.“
- „Þróa Kviku enn frekar.“
- „Hafa stærri próf með t.d. 30% vægi þannig að maður fái þjálfun í að læra fyrir próf. Hafa meira samstarf við fyrirtæki í héraði.“
- „Meiri skilningur og úrræði fyrir sértækum námsörðugleikum.“
- „Að þjálfar nemendur í að læra að læra fyrir lokapróf t.d. hafa 30-50% lokapróf.“
- „Var almennt ánægð með að það voru ekki lokapróf vegna prófkviða. Eftiráhyggja hefði verið gott að fá smá þjálfun í hvernig er best að undirbúa sig fyrir lokapróf.“
- „Áhersla á verkefnaskil er góð og stór ástæða fyrir því að MB varð fyrir valinu, en staðreyndin er sú að flest öll háskólanám hafa lokapróf sem maður er ekki mjög vel undirbúinn fyrir. Ég hugsa að það myndi undirbúa mann betur fyrir háskólanám að fá að prufa það snið í menntaskóla, en veit þó ekki hvernig því fyrirkomulagi gæti verið háttað. Ég hugsa jafnvel, að þó svo að það væri bara valfrjálst í nokkrum áföngum, án þess að gilda til lokaeinkunnar, myndi það hjálpa þeim sem stefna á lenga háskólanám í sínum undirbúningi. Það mætti allavega skoða hvaða möguleikar gætu verið í boði fyrir þessa einstaklinga.“
- „Það má einnig hafa það í huga að réttur nemandans á ekki að skipta minna máli en réttur kennarans.“
- „Fá aðeins betri grunn í raungreinum t.d. línulegri algebru og stærðfræðigreiningu fyrir háskólanám í verkfræði.“
- „Passa að aðstoða og veita nemendum af erlendu bergi brotnu þann stuðning og eftirfylgni sem þau þurfa á að halda.“

- „Félagslífið á sínum tíma vantaði meiri ramma. Bjarni frábær kennari en það vantaði kannski að kenna meira í stærðfræði sem tengdist verkfræði til að fá smá undirbúning þar.“
- „Fannst alltaf vanta frekar áhuga kennara að kenna þeirra námskeið. Alls ekki allir. Það var erfitt að fara í nám í háskólanum og vita lífið um suma hluti þar sem margir fengu almennilega kennslu úr öðrum skólum.“
- „Til þess að undirbúa okkur betur í raungreinum/verkfræði hefði verið gott að fara betur yfir ákveðin stærðfræðiatríði t.d. sannanir. Maður lenti á smá vegg þegar maður þurfti að læra sum atriðin alveg frá grunni þar sem það vantaði yfirferð um það í framhaldsskólanum. Ég tel mikilvægt að MB ætti að vera meðvitaðri um hvað sé kennt í háskólanum og reyna að undirbúa sig sem best út frá því.“
- „Hlúa vel að erlendum nemendum sem eiga í erfiðleikum með að skilja íslensku.“
- „Hafa lokapróf í einhverjum áföngum eða þjálfarinn í „að læra“ að læra fyrir lokapróf. Það var smá sjokk að vera lítið vanur lokaprófum í háskólanum.“
- „Halda áfram að hvetja nemendur.“
- „Félagslífið og meiri fjölbreytni í valáföngum.“
- „Að hafa valmöguleikann á listrænum fögum.“
- „Tungumálakennslan var ekki góð á sínum tíma, passa að kennarar sýni nemendum virðingu.“

3.2.7 Matsfundir

Haustið 2011 var tekin upp sú nýbreytni að halda matsfundi með nemendum. Tilgangurinn var að fá betri sýn á hvern áfanga fyrir sig og leyfa nemendum að koma sinni skoðun betur á framfæri við skólastjórnendur (e. Listening to Students' Voices). Með því að nota þessa aðferð teljum við að við fáum raunhæfari mynd af skólastarfinu og þessi leið yrði skilvirkari en hefðbundið kennslumat.

Framkvæmd:

Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur. Fundirnir voru að þessu sinni aðeins haldnir á haustönn vegna skólalokunar á vorönn. Framkvæmdin var í höndum aðstoðarskólameistara.

- Í byrjun fá nemendur miða í hendur þar sem þeir skrá niður eitt til tvö atriði um það sem þeim þætti jákvætt við áfangann og eitt eða tvö atriði sem mættu betur fara í áfanganum. Sérstaklega tekið fram að nemendur gætu sagt “pass” ef þeir hefðu ekkert sérstakt að segja.
- Áður en byrjað var, var tilgangurinn með verkefninu útskýrður sem er að bæta skólastarfið og gefa nemendum tækifæri á að koma skoðunum sínum milliliðalaust til skólastjórnenda.
- Nemendur látnir vita hvert framhaldið yrði, þ.e. að kennarinn fengi niðurstöðurnar (nafnlausar) á fundi með skólastjórnendum.

Úrvinnsla niðurstaðna:

Eftir að öllum matsfundum var lokið voru niðurstöðurnar dregnar saman fyrir hvern áfanga. Var viðkomandi kennari kallaður á fund til skólastjórnenda eins fljótt og hægt var þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og fékk hann allar athugasemdir nemenda útprentaðar. Farið var yfir hvernig matsfundurinn gekk fyrir sig, að orðalag væri ekki ritskoðað og þær athugasemdir sem oft voru nefndar væru feitletraðar. Í samtölum við kennara kom fram þeirra upplifun af matsfundunum. Kennarar virtust almennt ánægðir með þessa fundi og voru nokkuð vissir um að niðurstöðurnar gæfu þeim betri mynd af kennslunni.

3.2.8 Áætlun um sjálfsmat MB 2023-2027

	Haut 2023	Vor 2024	Haut 2024	Vor 2025	Haut 2025	Vor 2026	Haut 2026	Vor 2027
Lykilbáttur				x				
1. Námið								
Gæðagreinir				x				
1.1 Námsbrautir				x				
1.2 Námsframboð/áfangar				x				GNOK
1.3 Námskröfur og reglur				x				
1.4 Ástundun og vinna nemenda				x				
Lykilbáttur:								
2. Þjónusta við nemendur			x					G
Gæðagreinir								Æ
2.1 Náms- og starfsráðgjöf			x					Þ
2.2 Skrifstofa			x					I
2.3 Tölvuþjónusta			x					
2.4 Upplýsingagildi heimasíðu			x					N
2.5 Mötuneyti			x					Á
Lykilbáttur:								M
3. Áhrif starfsfólks á skólastarfið					x			S
Gæðagreinir								O
3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans					x			G
Lykilbáttur:								K
4. Skólanámskrá		x						E
Gæðagreinir								N
4.1 Skólanámskrá		x						N
Lykilbáttur:								S
5. Mat á kennslu og námi	x							L
Gæðagreinir								U
5.1 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat	x							
5.2 Mat á kennslu	x							
Lykilbáttur:								
6. Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál						x		
Gæðagreinir								
6.1 Stefnumótun/áætlanagerð						x		
6.2 Fjármál						x		
Lykilbáttur:								
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk							x	
Gæðagreinir								
7.1 Mönnun og ráðningar							x	
7.2 Starfsandi og verkaskipting							x	
7.3 Starfsþróun og starfsmannaviðtöl							x	
Lykilbáttur:								
8. Samstarf					x			
Gæðagreinir								
8.1 Foreldrar					x			
8.2 Erlend samskipti					x			
8.3 Innlend samskipti					x			
8.4 Nefndir og ráð					x			
Lykilbáttur:								
9. Viðburðir í skólastarfi	x	x	x	x	x	x	x	x
Gæðagreinir								
9.1 Þemadagar	x	x	x	x	x	x	x	x

3.3 Skýrslur

3.3.1 Námsráðgjöf

Skýrsla námsráðgjafa 2022-2023 (sjá fylgiskjöl).

4 Samantekt og næstu skref

Metnaðarfull vinna við sjálfsmat og rýni á skólastarfinu er til staðar í MB og áhugi er fyrir því að viðhalda þeirri nýbreitni að rýna í áfanga með kerfisbundnum hætti með það að markmiði að viðhalda gæðum náms og kennslu við skólann.

Áfram verður unnið eftir sjálfsmatsáætlun skólans og gæðagreina ásamt því að skoða með hvaða hætti skólinn uppfyllir stefnu sína og áætlanir. Sjálfsmatsáætlun skólans er endurskoðuð og endurunnin í takti við breytta tíma og áherslur hverju sinni.

5 Lokaorð

Eins og áður miðar öll starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar að því að gera góðan skóla betri. Skólastarfið er í stöðugri þróun og allt starfsfólk skólans hefur lagt sitt af mörkum til að efla starfið enn frekar. Viðhorf kennara til sjálfsmats eru afar jákvæð og þeir eru mjög virkir í allri faglegri umræðu og sjálfsskoðun.

Í þessari sjálfsmatsskýrslu er dregið saman það helsta sem gert hefur verið á skólaárinu 2022 – 2023. Sjálfsmatsskýrslan sjálf getur ekki orðið tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum sem tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar dregur hún upp ákveðna mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til að bæta skólastarfið. Áfram þarf að hugsa hvernig sjálfsmatsskýrslan er unnin þannig að hún nýtist okkur sem best.


Helsta viðfangsefni skólaársins 2023 – 2024 auk hefðbundna kannana og gæðagreina er áframhaldandi skólaþróun í tengslum við nýja áfanga og breyttar námsbrautir.

6 Fylgiskjöl


NÁMS-OG STARFSRÁÐGJÖF Í MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR SKÓLAÁRIÐ 2022-2023

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2022 komu 69 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 114. Að auki voru viðtöl tekin símleiðis og eru þau ekki skráð sérstaklega. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á haustönn 2022.



Á vorönn 2023 komu 59 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 95. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á vorönn 2023.



Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa

Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa var 60% á skólaárinu 2022-2023.

Ástæður ráðgjafar

Flestir nemendur sem koma í viðtöl eru að leita sér upplýsinga um námið, námsframvinduna og námsáætlanagerð. Stór hópur nemenda kemur vegna persónulegra erfiðleika sem hafa mikil áhrif á nám þeirra s.s. vegna kvíða, sértækra námserfiðleika, erfiðleika í samskiptum o.fl. Fer þessi hópur stækkandi og eykst umfang þeirra mála jafnhliða. Námsráðgjafi metur með nemendum þörf á sálfræðiaðstoð sem stendur nemendum til boða, en skólinn er í samstarfi við sjúkrasjóð Stéttarfélags Vesturlands og býðst nemendum 4 viðtöl hjá sálfræðingi, að eigin vali, sér að kostnaðarlausu á hverju skólaári. Hefur orðið aukning á því að nemendur nýti sér þessa þjónustu og hefur þeim fjölgað þó nokkuð frá síðasta skólaári eða um þriðjung. Nokkuð er um að fólk utan skólans komi í viðtöl til að fá nánari upplýsingar um skólann og möguleika þeirra á að hefja nám í MB.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

Viðtöl við nemendur er stór hluti helstu verkefna náms- og starfsráðgjafa. Námsráðgjafi heldur utan um lífsleikniáfanga sem er 6 vikna námskeið á vorönnum fyrir útskriftarnemendur þar sem megináherslan er lögð á áhugasvið, kynning á háskólum hérlandis og erlendis, starfsfræðslu og að skipuleggja fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og hefur Stéttarfélag Vesturlands komið í heimsókn og frætt nemendur um þá þætti.

Á haustönn, 2022, hélt KVAN námskeið fyrir nemendur þar sem megináherslan var á að valdefla nemendur og gera þeim kleift að vinna út frá eigin styrkleikum bæði í námi og í samskiptum. Námsráðgjafi kom að skipulagi og utanumhaldi á því námskeiði.

Námsráðgjafi, hélt utan um skipulag og framkvæmd lífsnámsáfanganna tveggja sem voru kenndir á skólaárinu. Fyrri áfanginn fjallaði um andlegt og líkamlegt heilbrigði og sá seinni fjallaði um sjálfbærni. Áfangarnir eru kennir á einni viku þar sem hefðbundin kennsla var lögð til hliðar á meðan og unnu nemendur í hópum í eina viku.

Námsráðgjafi hefur setið fundi og ráðstefnur fyrir hönd skólans sem fjalla um innleiðingu Farsældarlaganna og sett sig sérstaklega inn í hlutverk tengiliðar sem er nýtt hlutverk í framhaldsskólum landsins.

Flestir nemendur koma í viðtöl til að fá upplýsingar um námið sitt og námsframvinduna og að fá aðstoð við að gera námsáætlanir, setja sér markmið og að skipuleggja það sem eftir er af náminu. Einnig sækja nemendur sér stuðning við tímabundnum erfiðleikum sem hægt er að finna lausn á. Námsráðgjafi er í góðu sambandi við kennara skólans og miðlar upplýsingum til þeirra um þá nemendur, sem þess óska hverju sinni. Þetta geta verið upplýsingar er varðar ákveðinn vanda eða tilfallandi veikindi nemenda sem skýrir ákveðna erfiðleika hjá þeim í náminu. Námsráðgjafi leitast einnig við að aðstoða nemendur við að meta á hvaða sviði áhugi þeirra liggur og hverjir eru styrkleikar þeirra, finna lausnir á hinum ýmsu persónulegu málum sem nemendur eru að glíma við hverju sinni og aðstoða þá ef þeir þurfa frekari aðstoð hjá öðrum sérfræðingum eins og sálfræðingum, hjúkrunarfræðingum, félagsráðgjöfum o.fl. Einnig leita nemendur mikið til námsráðgjafa varðandi upplýsingar um annað nám þ.m.t. háskólanám og þá sérstaklega stúdentsefnin. Fyrirspurnir í gegnum tölvupóst og síma eru einnig nokkuð miklar. Nokkuð er um að foreldrar yngri nemenda skólans leiti til námsráðgjafa með mál er varða nám og skólavist barna þeirra.

Hér að neðan eru upptalin helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa en slíkur listi er ekki tæmandi:

- Námsráðgjafi heldur utan um allar greiningar nemenda og miðlar helstu upplýsingum til kennara um einstaka nemendur og aðstoðar þá við að finna viðeigandi lausnir í náminu.
- Námsráðgjafi metur með nemendum þörf fyrir sálfræðiaðstoð sem skólinn, í samstarfi við Stéttarfélag Vesturlands, greiðir fyrir en nemendur geta fengið 4 tíma hjá sálfræðingu sér að kostnaðarlausu á hverju skólaári.
- Námsráðgjafi situr samráðsfundi með skólastjórnendum, kennurum, foreldrum, sálfræðingum o. fl.
- Gerir námáætlanir með nemendum, aðstoðar þá við skoðun áfanga, aðstoðar nemendur við að finna fjarnámsáfanga í gegnum fjarmenntaskólann.
- Aðstoðar nemendur við að kortleggja á hvaða sviði áhugi þeirra liggur og að vera meðvitaðir um styrkleikana sína sem gæti aðstoðað þá við námið.
- Heldur utan um skipulag á lífsnámsáföngum
- Vinna við drög að hlutverki tengiliðar í tengslum við ný farsældarlög
- Að brautskráningu lokinni aðstoðar námsráðgjafi við hin ýmsu störf er tengjast frágangi skólaársins og innritun nýrra nemenda, ásamt því að taka viðtöl við fólk sem enn er ekki búð að ganga frá sínum málum varðandi áframhaldandi nám.

Borgarnesi 16. júní 2023

Elín Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi